

Re: Umsögn vegna deiliskipulags á landi Þúfu í Kjósarhreppi

Búið til	20.4.2020 09:08:25
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	20.4.2020 09:08:24
Tilheyrir	202004-0010 - Umsögn vegna deiliskipulags á landi Þúfu í Kjósarhreppi

Efni

Re: Umsögn vegna deiliskipulags á landi Þúfu í Kjósarhreppi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.4.2020 09:08:24	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020040010

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Kjósarhreppi, dags. 7. apríl sl., þar sem kynnt er skipulagslýsing fyrir deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði (VP6) við Þúfu í Kjós.

Umrætt svæði er innan verslunar- og þjónustusvæðis í samþykktu aðalskipulagi, utan náttúruverndarsvæða og að því er virðist, samkvæmt skoðun á lofmyndum, á svæði sem þegar er nýtt að stórum hluta. Náttúruverndarsvæðisins er ekki lýst að neinu ráði í skipulagslýsingunni en væntanlega verður fjallað betur um það í deiliskipulaginu. Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna að öðru leiti en því að meðfylgjandi eru nokkra almennar ábendingar og upplýsingar um náttúruvernd sem hafa má til hliðsjónar eftir því sem við á við frekari vinnslu á deiliskipulaginu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum verði þörf á því.

Ábendingar og upplýsingar:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruvinnna (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar

greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætla er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á skipulaginu vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>), og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>)

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)

Jarðfræðikortasjá má finna hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)

Yfirlit yfir válista fyrir plöntur og dýr má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjos.is>
To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Eftirlit" <eftirlit@eftirlit.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>
CC:
Subject: Umsögn vegna deiliskipulags á landi Þúfu í Kjósarhreppi
Date: 7.4.2020 09:23:55

Sent til umsagnar, í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin verður kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps, en vegna Covid-19 faraldursins verður hún ekki hengd upp í anddyri hreppsskrifstofu eins og venja er.

Óskað er eftir ábendingum/athugasemdum um lýsinguna ef ástæða þykir á netfangið skipulag@kjos.is (mailto:skipulag@kjos.is) , innan þriggja vikna.

Eftir kynningu á skipulagslýsingunni verður fjallað um deiliskipulagið og það auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjos.is



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image002.png (10 KB)

ÞUFA Skipulagslýsing 2020.pdf (557 KB)